

Reykjavík 28. apríl 2004



**Umsögn Og Vodafone um frumvarp til laga
um þriðju kynslóð farsíma.**

- 1 gr. Markmið og gildissvið
 - Í greininni er talað um að markmið laga þessara sé að “tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði”. Eins og fram kemur hér að neðan er það skoðun Og Vodafone (Og fjarskipta hf.) að með því að setja inn í lögina of miklar kröfur um útbreiðslu og hátt gjald fyrir tíðnir séu lögina ekki til þess fallin að tryggja virka samkeppni á markaðnum.
- 2 gr. Úthlutun tíðna
 - Í greininni er talað um almennt útböð á tíðnum. Og fjarskipta hf. telja ólíklegt að umsækjendur um tíðnir verði það margir að nauðsyn sé á almennu útböði.
- 3. gr. Útbreiðsla
 - Útbreiðslukröfurnar eru mjög óraunhæfar. Gert er ráð fyrir því að allt að 4 aðilar byggi upp net á landsbyggðinni sem hvert um sig eigi að ná til 60 % íbúa.
- 4 gr. Tíðnigjald
 - 190 m.kr. Gjaldið er of hátt og óréttlátt fyrir tíðnileyfið. Sérstaklega ef horft er til eftirfarandi atriða
 - Hér er verið að tala um að leggja gjald á eina takmarkaða auðlind en ekki aðrar eins og útvarps-, sjónvarps- og GSM tíðnileyfi.
 - Gjaldið í Svíþjóð og Noregi er mun lægra en íslensk stjórnvöld ætla að innheimta. Það er þrisvar sinnum lægra í Noregi en 3.637 sinnum lægra í Svíþjóð.
 - Horfa ber til þess að svigrúm Og Vodafone til fjárfestinga er takmarkað og er 190 milljón króna gjald ekki til þess fallið að hvetja fyrirtækið að fjárfesta í uppbyggingu á þriðju kynslóðar neti,

- Hár kostnaður við leyfisgjald og uppbyggingarkostnaður mun hafa áhrif á uppbyggingu þjónustu á öðrum sviðum fjarskiptaþjónustu þar sem Íslendingar eru í forystu.
- Það má fullyrða að tekjur af þessari þjónustu verði mjög litlar a.m.k.fyrstu 2 ár eftir úthlutun. Engu að síður er í krafist fullrar greiðslu á tíðnigjaldi í 4 greiðslum 2 árum eftir úthlutun.
- Annað
 - Athugasemd er gerð við að sú grein sem var í fyrri frumvarpsdrögum og fjallaði um reikiskyldu aðila sem reka GSM net skuli hafa fallið út. Nauðsynlegt er að þeim aðilum sem ætla að byggja upp þriðju kynslóðarnet sé tryggður reikiaðgangur að þeim GSM netum sem þegar hafa verið byggð upp. Alls staðar erlendis þar sem þriðju kynslóðar net hafa verið byggð upp hafa rekstraraðilar reikiaðgang yfir á GSM net. Á Íslandi hefur Landssími Íslands yfirburðarstöðu í útbreiðslu GSM neta sérstaklega á landsbyggðinni. Það er því alger forsenda fyrir að reiki yfir á net Landssímans verði tryggt. Reynsla Og Vodafone að því semja við Landssíma Íslands um reiki á viðskiptalegur forsendum sýnir að nauðsynlegt er að kveða skýrt á um reikiskyldu í lögnum. Ef sú reikiskylda er ekki skýlaus er ljóst að samkeppni verður ekki komið á í þriðju kynslóð farsímna á Íslandi.

Það er niðurstaða Og Vodafone að ekki er nauðsynlegt að binda í lög kröfur um útbreiðslu þriðju kynslóðar farsímaneta. Nær væri að horfa til reynslunnar af því að láta kröfur markaðarins ráða. Reynslan er góð af því í GSM þjónustu og ADSL þjónustu. Þó er því fagnað að í frumvarpinu er heimild til samnýtingar neta eða að þjónustuaðilar geti haft samstarf um uppbyggingu farsímaneta.

Það er fátt sem bendir til þess að sú fjárfesting sem þarf til að uppfylla þau ströngu skilyrði sem koma fram í frumvarpi því sem hér er til umsagnar standi undir sér. Mikil óvissa er um arðsemi af þriðju kynslóð farsímakerfa. Fyrst um sinn má ætla að notendur í þriðju kynslóðarkerfum verði núverandi GSM notendur. Þetta þýðir litla sem enga aukningu á heildartekjum af farsímanotkun. Það er því með öllu óljóst hvort að tekjur af þriðju kynslóðar þjónustu verði það miklar að þær réttlæti fjárfestingu í þriðju kynslóðarkerfum.

Þriðja kynslóð farsímaneta er ekki að leysa neina grundvallarþörf sem ekki er hægt að leysa með annarri tækni. Í raun er hættan sú að verði kröfur og háar um útbreiðslu þá muni það bitna á annarri þjónustu sem Íslendingar eru í forrystu að veita.

Einnig ber að horfa til þess að sú tækni sem hér er rætt um er sein á markað og því allar líkur á að önnur tækni (Wi-Fi, Wi-Max, EDGE í GSM, UMTS – TDD) geti keppt við þriðju kynslóðina. Í nágrennalöndum hafa þriðju kynslóðar leyfishafar ekki getað uppfyllt kröfur um útbreiðslu þótt markaðurinn sé mun stærri. Viljinn þar er að stækka þráðlaus gagnaflutningskerfi með öðrum leiðum en þriðju kynslóðarþjónustu.

Loks ber að horfa til þess að í dag er þegar orðið vandkvæðum bundið að fá leyfi fyrir uppsetningu senda í GSM kerfum. Reynslan frá öðrum löndum, þar sem uppbygging þriðju kynslóðarkerfa er komin á skrið, sýnir að nauðsynlegt er að reisa þrisvar til fjórum sinnum fleiri senda en í annarar kynslóðar netum. Hér er því annar þröskuldur í vegi víðtækrar uppbyggingar þriðju kynslóðar neta og kröfu mikillar útbreiðslu.

Virðingarfyllt,

Pétur Pétursson
forstöðumaður upplýsinga- og kynningarmála
Og Vodafone

Geir Ragnarsson
forstöðumaður tækniþróunar
Og Vodafone